

Menning eskimóa við Beringssund


Varla mun ofsagt, að við höfum haft næsta lítil kynni og samskipti við næstu nágranna okkar í norðri, eskimóana, sem byggja víðáttumikil flæmi frá Síberíu, Alaska, norðurhluta Kanada og á Grænlandi. Líf þessa fólks er kannski

eitthvert bezta dæmi um aðlögunarhæfni mannsins á landsvæðum, sem aðrir jarðarbúar telja utan við takmörk hins byggilega heims.

Þessi aðlögun eskimóa hefur ekki orðið á skömmum tíma. Hvar þeir eiga uppruna sinn, veit enginn nákvæmlega. Mannfræðingar telja, að þeir hafi verið á ferli í Alaska og Síberíu fyrir um 3000 árum og fyrir um 1500 árum voru þeir farnir að leita austur um norðurhluta Kanada og þaðan lá leið þeirra til Grænlands. Þá er talið að loftslag á norðurslóðum hafi verið mun hlýrra en nú er, og að siglingaleiðir með norðurströnd Kanada, til Baffinslands og Grænlands, hafi verið greiðfærar og lausar við ís. Alla tíð hafa eskimóar séð sér farborða með veiðum, en þó er mismunur á lífnáhrátum þeirra. Til dæmis voru snjóhúsin, sem grænlenzkir eskimóar hafa orðið frægir fyrir, óþekkt í eskimóabygðunum við Beringssundið. Kajakinn hefur hinsvegar orðið grundvallartæki til lífsbjargar hjá öllum eskimóum og allsstaðar er sami hundastofninn og samskonar hundasleðar. Nú hafa þeir vikið fyrir vélknúnum snjósléðum eins og við þekkjum hér og hundasleðar eru einungis notaðir handa ferðamönnum.

Eskimóar eru náttúrufolk í mjög nákomnu sambandi við hvaðeina úr ríki náttúrunnar og þeirra andlega veröld hefur í tímans rás orðið samtengd þessu. En um leið hafa þeir líkt og indíánar farið illa út úr því, þegar þeir reyna að aðlagast nútíma vestrænum lífnáhrátum. Einkum hefur þeim orðið hált á kynnum við áfengi. Yfirleitt farnast þeim svo bezt, að þeir geti verið í sínum hefðbundnu heimkynnum við hverskonar veiðar. Í seinni tíð hefur þó sótt að þeim áður óþekktur óvinur, nefnilega Greenpeace-samtökin, sem hafa fullkomlega eyðilaggt selskinnamarkaðinn.

Með sýningunni á Kjarvalsstöðum er athygli okkar beint að eskimóum við Beringssundið, vestast í Alaska. Í tengslum við sýninguna kom hingað William Fitzhugh, mannfræðingur á vegum Smithsonian Institut í Bandaríkjunum og hélt fyrirlestur á Kjarvalsstöðum. Í samtali, sem ég átti við hann fyrir Lesbók, kom fram, að eskimóar hafa raunar alltaf verið báðum megin Beringssundsins. En þegar Síberíu-eskimóarnir lentu undir ráðstjórn, voru hreindýrahjarðir teknar af einstaklingum og mynduð samyrkjubú. Aftur á móti fengu fámennir hópar veiðimanna á ströndinni að vera að mestu óáreiðtir fyrir dýrð kommúnismans, en var þó bannað að sigla nema skammt út frá ströndinni. En þar sem mjóst er yfir sundið, um 100 km., er hægt að sigla yfir það á einum degi, enda voru samskipti veruleg áður fyrir.



Gríma töframanns eða miðils, sem séð gat anda úr andaveröldinni og jafnvel sigrað hann. Þá lét hann á eftir gera grímu, sem lýsir þessari óskaplegu upplifun.

Nokkur atriði um menningu eskimóa í vestanverðu Alaska í tilefni sýningar á nytja- og helgigripum á vegum Menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar og Menningarstofnunar Bandaríkjanna á Íslandi, sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum.

Stresstaska veiðimannsins við Beringssund var saumuð úr fjórum höfuðleðrum af úlfynjum, því þær voru taldar erfðasta veiðidýrið. Handfangið er úr rostungstönn, ríkulega útskorið.



Gríma, notuð á minningarhátið um hina dauðu.

HVERSVEGNA SELAVIK?

Á korti af þessu landsvæði rak ég augu í íslenskt örnefni, sem sker sig gersamlega úr eskimóanöfnum eins og Nubviukchuagaluk, sem ómögulegt er að bera fram. Þetta örnefni er *Selavik*, sem getur hugsanlega verið eskimóamál, sagði William Fitzhugh. Á gifurlega stóru flæmi meðfram vesturströnd Alaska er engin byggð utan þorp eskimóa. Þarna er ekkert vegakerfi til og þessvegna eru þetta ekki nútíma ferðamannaslóðir. Aðeins væri hægt að vera á bílum á götum sumra þorpanna, ef þá er hægt að koma þeim þangað.

Þarna eru tvö ólík málsvæði. Norðantil búa Inupiak-eskimóar og tala mál, sem skilst meðal eskimóa í Norður-Kanada og á Grænlandi. En sunnantil búa Yupik-eskimóar, sem tala alveg sérstaka tungu og aðrir eskimóar skilja hana ekki. Mest af þeim menningarverð-

